

Ísafjörður 10. júlí 2017

Umhverfisstofnun
Agnar Bragi Bragason
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Afrit sent á: Sigurð Ingason, Steinar Beck hjá UST og Soffíu Karen Magnúsdóttur hjá MAST

Efni: Tillaga að breyttum texta í kafla 1.2 fyrir starfsleyfi

Með tilvísun í 5. gr. reglugerðar um fiskeldi (1170-2015), hvíld eldissvæða og útsetning kemur hér að neðan tillaga að breyttum texta í kafla 1.2. „Umfang starfsemi“ í starfsleyfum. Eins og áður hefur verið bent á gætir misræmis í kafla 1.2 milli starfsleyfa jafnvel þó um sé að ræða sömu eldissvæði. Samkvæmt reglugerðinni þá er það MAST sem hefur eftirlit með útsetningu seiða og samræmda hvíld svæða (lágmark 90 dagar). Einnig mætti benda á ef skoðað er tilvik með Patreks- og Tálknafjörð að það getur verið best út frá umhverfissjónarmiðum að hlufall framleiðslu eftir fjörðum geti verið mismunandi jafnvel þannig að öll framleiðslan sé í öðrum firðinum (svæði) meðan hinn fjörðurinn er í hvíld. Þess sé þó alltaf gætt að fara ekki yfir hámark í heildarframleiðslu samkvæmt starfsleyfi. MAST getur skv. 5. gr. ávallt gripið inn í ef þörf krefur sbr. "Matvælastofnun tekur ákvörðun um útsetningu seiða m.t.t. fjölda seiða og tímasetningu á einstökum sjókvíaeldissvæðum." Það er því engin áhætta fyrir eftirlitsaðila að gera þessa breytingu.

Tillaga að breyttum texta í kafla 1.2. er þá eftirfanandi fyrir Patreks- og Tálknafjörð en á líka við um Dýrafjörð sem og önnur svæði þar sem um árgangaskipt eldi er að ræða:

Starfsleyfið tekur til framleiðslu á 6.800 tonnum af laxi á ári í Patreksfirði og Tálknafirði, miðað við meðalframleiðslu á þriggja ára tímabili. Um er að ræða eldi í sjókvíum og skal eldið staðsett innan svæða sem tilgreind eru í viðauka. Vísað er til 5. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 1170/2015 varðandi hvíld eldissvæða og útsetningar.

F.h. Arctic Sea Farm hf.



Sigurður Pétursson, framkvæmdastjóri



Suðurgata 12
400 Ísafirði